

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 22. apríl kl. 13:00 var haldinn 352. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir í fjarveru Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmisdóttur, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Guðveig tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 22. apríl 2024, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF 351 var lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar, dags. 4. apríl 2024 um þóknun stjórnar, sem samþykkt var rafrænt í milli stjórnarfunda. Tillögunni fylgir greinargerð.

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki í samræmi við nýafstaðna kjarasamninga en þar hækkuðu laun um 3,25% en 23.750 kr. að lágmarki. Þar sem stjórnarstörf eru aukastörf þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 217.493 (voru 210.647, 2023) íslenskum krónum mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt tillögunnar staðfest.

4. Klukkan 13:13 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála (um fjarfundabúnað), Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og Ásgeir Westergren, sérfræðingur í greiningu, fjármögnun og fjárfestatengslum og greindu frá stöðu fjármögnunar. Greindu jafnframt frá drögum að þriggja mánaða uppgjöri ársins 2024. Umræður.

Áhættuskýrsla dags. 17. apríl 2024 og Rekstraráhættuskýrsla dags. 16. apríl 2024 lagðar fram til kynningar. Umræður.

5. Umfjöllun um Ljósleiðarann frestað að beiðni Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmisdóttur.
6. Klukkan 14:00 mættu Ólafur Elínarson, samskiptastjóri Carbfix ásamt Gretti Adolf Haraldssyni, Bergi Sigfússyni og Kjartani Marteinsyni og gerðu grein fyrir helstu

niðurstöðum umhverfismats Coda Terminal. Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptaþróunarstjóri gerði grein fyrir stöðu hlutafjárútkningar Carbfix. Umræður.

Klukkan 14:35 yfirgaf Guðveig Eyglóardóttir fundinn og kom aftur til fundar kl. 14:53.

7. Stjórn lagði mat á störf forstjóra. Forstjóri vék af fundi á meðan.
8. Lagt fram minnisblað starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22. apríl 2024 um frammistöðumat og ákvörðun launa forstjóra ásamt tillögu starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur um kjör forstjóra, dags. 22. apríl 2024.

Afgreiðslu tillögunnar frestað.

Jafnframt lögð fram samantekt um störf stjórnar fyrir árið 2023.

9. Lagt fram minnisblað um forgangs röðun aðgerða vegna úttektar á stjórnarháttum og miðlun upplýsinga hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Afgreiðslu frestað.
10. Klukkan 16:00 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri til fundarins um fjarfundabúnað og gerði grein fyrir drögum að samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur vegna skila á Elliðaárdalnum til Reykjavíkurborgar. Samþykkt samhljóða.
11. Lagðar fram athugasemdir Reykjavíkurborgar við heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur og tillaga að uppfærðri stefnu að teknu tilliti til athugasemda.

Tillagan samþykkt.

Einnig lögð fram drög að stefnumarkmiðum. Umræður.

12. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 18. apríl 2024 og minnisblað um forðagæslu, dags. 18. apríl 2024. Umræður.
13. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 20.03.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 17.03.2024

Fundargerðir stjórnarfundar Veitna ehf. dags. 21.03 og 26.03.2024

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ehf. dags. 15.04.2024

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix dags. 16.04.2024

14. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundar, dags. 22. apríl 2024. Umræður.
 - Lagt fram til kynningar yfirlit yfir nýjar stjórnir dótturfélaga.
 - Lögð fram svohljóðandi tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum, dags. 22. apríl 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn veitir forstjóra umboð til að óska eftir framlengdri undanþágu frá upplýsingalögum frá eigendasveitarfélögum Orkuveitunnar, sem aftur óski eftir slíkri undanþágu frá forsætisráðuneytinu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:55.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. maí 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 25. mars kl. 13:00 var haldinn 351. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfolk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir í fjarveru Skúla Þórs Helgasonar, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Ragnhildur Alda og Guðveig tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Forstjóri gerði grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda og lagði fram yfirlit þar um, dags. 25. mars 2024.
2. Fundargerðir stjórnarfunda SF 349 og 350 voru lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Gísli Björn Björnsson og greindu frá stöðu fjármögnunar. Umræður.
Þau kynntu einnig minnisblað dags. 25. mars 2024, sem svar við fyrirspurn stjórnarmanns frá fundi SF 349 um arðsemi og gjaldskrár veitubjónustu Veitna. Umræður.
Áhættuskýrsla dags. 18. mars 2024 lögð fram til kynningar.
4. Klukkan 13:50 mætti til fundarins Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og greindi frá undirbúningi að hlutafjárukningu Ljósleiðarans. Umræður.
5. Lögð fram bókun stjórnar Ljósleiðarans, dags. 22. mars 2024, sem er svar við bókun Ragnhildar Öldu Vilhjálmisdóttur frá stjórnarfundi SF 348 um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðanda á stjórnháttum. Umræður.
Þórður Gunnarsson lagði til að óskað verði eftir því við innri endurskoðun að unnið verði minnisblað, sem taki til umfjöllunar skýrslunnar um meint brot á eigendastefnu.
Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa, Völu, Þórðar, Valgarðs og Söru Bjargar. Ragnhildur Alda greiddi atkvæði gegn tillögunni.
6. Klukkan 14:30 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix til fundarins, upplýsti um stöðu hlutafjárukningar og tillögu að breytingum á samþykktum Carbfix hf. og erindi til borgarráðs þess efnis.
Samþykkt.
7. Lagt fram frammistöðumat stjórnar á störfum forstjóra fyrir síðasta ár. Umræður.
Jafnframt lagt fram samantekt á störfum stjórnar fyrir árið 2023.
Frestað.
Guðveig Eyglóardóttir yfirgaf fundinn kl. 15:00.

8. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki í samræmi við nýafstaðna kjarasamninga en þar hækkuðu laun um 3,25% en 23.750 kr. að lágmarki. Þar sem stjórnarstörf eru aukastörf þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun 217.493 (voru 210.647, 2023) íslenskum krónum mánuði en varamanna 60.897 kr. fyrir hvern fund (voru 58.980). Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundir skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári. Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn samþykkir að veita forstjóra umboð til að boða aðalfund í samráði við eigendur

9. Klukkan 15:10 mættu Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri og Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi til fundarins og greindu frá drögum að mælanlegum markmiðum og mælikvörðum í samræmi við heildarstefnu Orkuveitunnar. Umræður.
10. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 21. mars 2024 og minnisblað um forðagæslu, dags. 21. mars 2024. Umræður.
11. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerðir stjórnarfunda Orku náttúrunnar ohf. dags. 24.01, 21.02 og 28.02.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 20.02.2024

Fundargerðir stjórnarfunda Ljósleiðarans ehf. dags. 23.02, 28.02 og 15.03.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 22.03.2024

Fundargerðir stjórnarfunda Veitna ohf. dags. 16.02 og 28.02.2024

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 21.03.2024

12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. mars 2024. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. apríl 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sævar Freyr Þránínsson, forstjóri
Sendandi: Hera Grímsdóttir og Ingvi Gunnarsson
Dagsetning: 18.4. 2024
Efni: Minnisblað auðlindir og nýsköpun

Rannsóknir á nýjum lághitasvæðum


Borg á Mýrum:

Gerðar hafa verið tillögur að 10 nýjum hitastigulsholum við Borg til viðbótar við þær 8 sem voru boraðar í janúar og febrúar á þessu ári. Staðsetningar hafa verið bornar undir landeigendur (Þjóðkirkjuna og Borgarbyggð) og þeir hafa gefið samþykki sitt. Gert er ráð fyrir að holurnar verði boraðar í vor eða sumar.

Álftanes:

Níu hitastigulsholur voru boraðar á Álftanesi í febrúar og mars. Hitamælingar í þeim og eldri holum draga fram mjög skýrt hitafrávik sem liggur meðfram vesturströnd nassins (sjá mynd hér að neðan). Lögun fráviksins virðist vera óregluleg og æskilegt er að bora nokkrar hitastigulsholur til viðbótar til að skorða lögun þess betur og hversu langt það nær norður með strönd nassins. Þá er lagt til að dýpka holu ÁN-04 og skábora holu til vestur frá henni.

Þær niðurstöður sem komnar eru gefa ástæðu til bjartsýni varðandi möguleika á að finna nýtanlega jarðhitaauðlind á Álftanesi. Það dregur þó aðeins úr bjartsýninni að frávikid virðist liggja úti fyrir ströndu því þó hægt sé að ná til þess með stefnuborun er ákveðin hættu á að sjór finni sér leið ofan í jarðhitakerfið þegar það verður tekið til vinnslu. Þetta mun þó ekki skýrast nema með borun djúprar holu og prófana á henni. Markmið rannsóknarborana í 2. áfanga jarðhitaleitar er afla gagna sem nota má til að staðsetja djúpa rannsóknarholu með sem skynsamlegustum hætti.



Mynd 1. Borholur á Álftanesi og mældur hiti á 100 m dýpi.

Norðanvert Kjalarnes:

Hitastigulsboranir hófust á norðanverðu Kjalarnesi í lok mars og ganga þær vel. Nú er búið að bora 5 af fyrirhuguðum 10 holum. Þegar borunum er lokið verða þær hitamældar til að fá betri mynd af hitafari á svæðinu.

Umsóknir um rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðum

Unnið er að nokkrum rannsóknarleyfisumsóknum vegna jarðhitaleitar á mögulegum háhitasvæðum. Þessar umsóknir verða sendar til Orkustofnunar í nafni móðurfélagsins sem mun bera ábyrgð á rannsóknum þar til ljóst verður hvort viðkomandi auðlindir henta frekar til rafmagnsframleiðslu eða varmavinnslu. Hér að neðan er sagt stuttlega frá umsóknum sem eru í undirbúningi.

Ölfusdalur:

Orkuveitan áformar að sækja um rannsóknarleyfi í samstarfi við Títan, orkufyrirtæki í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss. Drög að rannsóknarleyfisumsókn fyrir Ölfusdal eru tilbúin og bíða þess að vera send til Orkustofnunar. Fundað hefur verið með sveitarstjórn Hveragerðis og stefnt er að funda að nýju með nýjum bæjarstjóra Hveragerðis til að greina aftur frá fyrirætlunum Orkuveitunar með rannsóknarleyfi með það að leiðarljosi að vera í góðu samstarfi við nærsveitafélagið.

Mosfellsheiði:

Orkuveitan áformar að sækja um rannsóknarleyfi á svæði á Mosfellsheiði, vestan við Nesjavelli. Þar er ekki jarðhitavirkni á yfirborði en skjálftavirkni og jarðskjálftabylgjuhraði bendir til að þarna geti veirð bæði hár hiti og heppileg lekt. Gera þarf viðnámsmælingar á yfirborði og hugsanlega fleiri mælingar áður en tekin verður ákvörðun um rannsóknarboranir. Drög að umsókn eru langt komin.

Krýsuvíkursveimar:

Orkuveitan áformar að sækja um rannsóknarleyfi á svæði sem kallað hefur verið Krýsuvíkursveimar. Þetta er svæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Hafnarfjarðar. Þetta svæði var innan afmörkunar á svæðinu sem Veitur sóttu um rannsóknarleyfi fyrir árið 2019 og 2021 en utan þess svæðis sem HS Orka fékk nýtingarleyfi fyrir árið 2022. Markmiðið rannsóknanna er að kanna hvort nýtanleg jarðhitauðlind tengist ganga- og sprungusveimum sem ganga til NNA frá Krýsuvíkureldstöðinni. Gera þarf viðnámsmælingar á yfirborði og hugsanlega fleiri mælingar áður en tekin verður ákvörðun um rannsóknarboranir. Drög að umsókn eru langt komin.

Þverárdalur/Ölkelduháls:

Orkuveitan áformar að sækja um rannsóknarleyfi í Þverárdal. Unnið er út frá afmörkun sem lögð var fram í Ramma en hugsanlegt er að afmörkun rannsóknarsvæðis verði endurskoðuð. Markmið rannsóknar er að rannsaka svæðið og meta möguleika á varma- og rafmagnsframleiðslu. Drög að umsókn er á byrjunarstigi.

Tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár - Hengladalir

Fyrir liggur tillaga Umhverfisstofnunar (UST) að því að setja Hengladali, Sveitarfélaginu Ölfusi, á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Orkuveitan er landeigandi að Hjallatorfu ofan fjalls, landnúmer 190527. Innstidalur, Miðdalur og stærsti hluti Fremstadals sem liggur innan Hjallatorfu er innan afmörkunar sem UST leggur til í framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og er einnig innan afmörkunar nýtingarleyfis Orkuveitunnar. Í tillögunni kemur fram að gæta þurfi sérstaklega að því að nýting jarðhita hafi ekki neikvæð áhrif á verndarstöðu og verndargildi vistgerða á svæðinu sem hafa mikið gildi m.t.t. líffræðileg fjölbreytileika.

Árið 2005 fyrirhugað að bora rannsóknaholur í Innstadal. Hins vegar féll fyrirtækið frá þeim áformum og lagði þess í stað áherslu á að ekki yrði um neinar framkvæmdir að ræða í dalnum og að á gönguleiðinni í Innstadal myndi lítið sjást til borsvæðanna á Skarðsmýrarfjalli. Stefna Orkuveitunnar er að öll hagnýting auðlinda sé með ábyrgum hætti og staðinn sé vörður um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Nú þegar eru allnokkrar holur stefnuboraðar undir Hengladali og hefur nýting þeirra til vinnslu og niðurdælingar ekki haft áhrif á ásjón svæðisins eða verndargildi svo vitað sé. Því verður lögð áhersla á að í verndarskilmálum svæðisins komi skýrt fram að Orkuveitan áskilji sér rétt til að bora fleiri holur undir svæðið með stefnuborun. Orkuveitan vinnur að umsögn um tillöguna.

Staða leyfismála fyrir rannsóknir á nýjum svæðum í Hengli

Undirbúningur leyfisöflunar fyrir rannsóknarboranir á nýjum svæðum í Henglinum er í fullum gangi. Unnið er að gerð umhverfismatsskýrslu fyrir rannsóknarboranir í Hverahlíð II og Meitlum. Breyting á aðalskipulagi Ölfuss er einnig í vinnslu í samráði við sveitarfélagið. Umsókn hefur verið send til Orkustofnunar um rannsóknarleyfi fyrir þetta svæði með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi og er beðið eftir afgreiðslu Orkustofnunar. Umsóknin nær til þess hluta rannsóknarsvæðisins sem fellur utan afmörkunar nýtingarleyfis Orkuveitunnar.

Háhitaboranir Orku náttúrunnar 2024-2027

Orka náttúrunnar stefnir á að bora níu háhitaholur á næstu árum. Meginmarkmið er að afla orku til að viðhalda Nesjavalla- og Hellisheiðarvirkjun. Háhitasvæðin dvína í vinnslu og því þarf að sækja meiri gufu til þess að viðhalda uppsettu afli virkjananna til næstu ára. Um er að ræða fjórar háhitaholur á Nesjavöllum sem verða boraðar á næstu 18 mánuðum. Ein hola verður boruð á upphaflegu vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar og fjórar holur verða boraðar í Hverahlíð. Fyrsta hola af þessum níu verður boruð síðla sumars 2024 á Nesjavöllum. Útboð er í gangi um borun á næstu átta holum. Reiknað er með að samfelldar háhitaboranir muni standa yfir í Henglinum frá miðju ári 2025 til loka árs 2026.

Vindorkugarðar

Þrír vindorkukostir á Hengilssvæðinu bíða nú afgreiðslu í Rammaáætlun. Hægt er að flýta tímalínunum með því að hefja mat á umhverfisáhrifum samhliða. Verkefni sem þurfa umhverfismat þurfa samþykki eigenda Orkuveitunnar og samþykkti stjórn Orkuveitunnar í febrúar að leggja til við eigendur að hefja umhverfismatsferli fyrir þessa orkukosti. Næstu skref eru jafnframt að gera mælingar og útreikninga til að lágmarka óvissu og safna gögnum sem hægt er að styðjast við þegar metið er hvort að vindorka getir verið fýsilegur kostur eða ekki.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar - SF 352
Sendandi: Emma, Eiríkur, Hólmfríður og Snorri hjá Sjálfbærni og umhverfi RON
Dagsetning: 18. apríl 2024
Efni: **Sjálfbærni og umhverfi fyrir stjórn Orkuveitunnar, 22. apríl 2024.**

Athugið: Starfseiningarnar sjálfbærnimál og umhverfismál hafa sameinast og heita nú Sjálfbærni og umhverfi og tilheyra Rannsóknum og nýsköpun (RON), [sjá skipurit Orkuveitunnar](#). Minnisblaðið er enn í mótun og líklegt að staða mælikvarða sem heyra undir sjálfbærnistefnu en einnig aðrar stefnur, verði sýnilegir þegar líður á árið.

Loftslagið

Loftslagsbókhald dótturfélaga Orkuveitunnar:

Í kjölfar þess að loftslagsbókhald Orkuveitunnar 2023 hefur hlotið vottun hjá Bureau Veritas í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14064-1 hafa Sjálfbærni og umhverfi RON kynnt loftslagsbókhald fyrir dótturfélögin Veitur og Orku náttúrunnar. Á næstu vikum verður loftslagsbókhald Ljósleiðarans og Carbfix kynnt hlutaðeigandi stjórnendum.

Loftslagsvegvísir Orkuveitunnar:

Vinna er hafin við gerð loftslagsvegvísir Orkuveitunnar þar sem áhersla er lögð á að draga fram hvar losun gróðurhúsalofttegunda á sér stað innan félagsins, hvaða starfseiningar bera ábyrgð á losuninni, hvernig þær geta dregið úr henni og hvenær áætlað er að markmið um að draga úr losun verði uppfyllt. Vinnunni lýkur í september 2024.

Umhverfið

Endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal:

Sjá sérstakt dagskrármál á fundinum.

Þýðingarmiklir sjálfbærniþættir:

Eftirfarandi níu sjálfbærniþættir af 21 sem Orkuveitan hefur skilgreint sem þýðingarmikla, með hliðsjón af þeim meginreglum sem fram koma í sjálfbærnistefnunni, hafa verið gefnir út í rekstrarhandbók fyrirtækisins. Þar koma fram markmið um þessa þætti og hvaða einingar bera ábyrgð á þeim:

- Losun og losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda eftir umfangi 1, 2 og 3 og binding gróðurhúsalofttegunda.
- Viðnámsþol gagnvart loftslagsbreytingum
- Stýring vinnslu á háhitavæðum
- Stýring vinnslu á lághitavæðum
- Verndun neysluvatns
- Losun jarðhitavatns og effirlit með grunnvatni
- Losun frárennslis úr hreinsistöðvum og um yfirföll
- Úrgangur
- Efnanotkun

Líffræðilegur fjölbreytileiki:

Unnið er að gerð ramma um hvernig Orkuveitan metur áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Þessi vinna nýtist beint í skilgreiningu markmiða og ábyrgðar í markmiðinu „Ábyrg auðlindanýting“ í nýrri stefnu Orkuveitunnar en einnig í þýðingarmiklum sjálfbærniþætti sem heykir undir sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og ber heitið „Lífríki, líffræðilegur fjölbreytileiki og landnýting á eignarlandi og athafnasvæðum“

Samfélagið

Í mótun.

Annað

Evrópskt sjálfbærniregluverk:

Áfram er unnið að innleiðingu flokkunartilskipunar ESB í framhaldi af framsetningu niðurstaðna í Ársreikningi 2023. Þá er væntanlegt frumvarp til breytinga á ársreikningalögum þar sem sjálfbærniþættir ESB – nú European Sustainability Accounting Standard, áður CSRD – er leitt í íslensk lög. Samkvæmt upplýsingum Orkuveitunnar úr stjórnáætlun er frumvarp væntanlegt í samráðsgátt í maí og flutnings þess að vænta á haustþingi. Nú stendur yfir gloppgreining á birtingu Orkuveitunnar á upplýsingum og kröfum staðalsins eins og hann er í Evrópurétti.

Leyfi Orkuveitunnar sem varða sjálfbærni og umhverfismál eru í gildi og uppfyllt.